

Miðvikudaginn 17. sept. 1923.

Nr. 25/1924.

Rjettvísinn og Valdstjórnin

(Lárus Fjeldsted)

gegn

Sigurði Berndsen (Pjetur Magnússon)

og

Valdstjórnin (L. F.)

gegn **Guðm. Þorkelssyni** (P. M).

Brot á aðflutningsbannslögunum á áfengi og brot gegn 156. sbr. 53. og 46. gr. hegningarlöganna.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 9. maí 1924: Ákærðir, Sigurður Berndsen og Guðmundur Þorkelsson skulu sýknir vera af ákæru rjettvísinnar í máli þessu.

Ákærður Sigurður Berndsen greiði fyrir brot gegn ákvæðum 15. gr. laga nr. 91/1917, 1500 króna sekt í rikissjóð og sæti 45 daga einföldu fangelsi.

Svo greiði hann og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Það er sannað í málinu að ákærði Sigurður Berndsen að kveldi hins 8. mars s. l. seldi rúmlega hálf 400 gr. glas af spiritusblöndu.

Ennfremur er það sannað í málinu, að eftir að Bárður Lárusson, annar þeirra manna, er keyptu áfengið við umrætt tækifæri af ákærða Sigurði Berndsen, hafði gefið meðákærða Guðmundi Þorkelssyni skriflega yfirlýsingu um að skýrsla sú, er hann, Bárður, hafði gefið lögreglunni 8. mars s. l. um áfengiskaupin, væri röng, fór meðákærði Guðmundur með þessa yfirlýsingu Bárðar til ákærða Sigurðar, og er það sannað með eigin játningu ákærða Sig-

urðar, að hann bað meðákærða Guðmund, að um-
 ekriða yfirlýsinguna og fá Bárð til að undirskrifa
 hana aftur, en ákærða Sigurði hlýtur að hafa verið
 það ljóst að yfirlýsing þessi var röng. Samkvæmt
 beiðni meðákærða Guðmundar, gaf Bárður út dag-
 inn eftir, 13. mars s. l., nýja yfirlýsingu sama efnis
 og hina fyrri og afhenti ákærði Sigurður síðan lög-
 reglunni þá yfirlýsingu.

Þessi afbrot ákærða Sigurðar Berndsen, heyrta
 undir 3. lið 15. gr. laga 91, 14. nóv. 1917 og 156.
 sbr. 53. og 48. gr. hinna almennu hegningarlaga og
 þykir refsing hans hæfilega ákveðin 1500 kr. sekt í
 ríkissjóð og fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í
 80 daga.

Ákærði Guðmundur Þorkelsson hefir að vísu,
 í prófum málsins, eindregið neitað því að sjer hafi
 verið kunnugt um að meðákærði Sigurður Berndsen
 hafi selt umrætt áfengi. En hinsvegar eru í málinu,
 einkum með vitnisburðum þeirra Bárðar Lárussonar,
 Sigurgeirs Tómassonar og Erlings yfirlögreglupjóns
 Pálssonar, komnar fram svo miklar líkur fyrir því
 að þessi neitun hans sje röng, og að honum hafi
 verið það ljóst að yfirlýsing sú, er hann fjekk Bárð
 til að gefa og reyndi að fá Sigurgeir til að gefa, væri
 röng, að telja má sannað að hann með því atferli
 sínu hafi gjörst brotlegur gegn 156. sbr. 53. og 46. gr.
 hinna almennu hegningarlaga og þykir refsing hans
 hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviður-
 væri í 80 daga.

Ákærði Guðmundur Þorkelsson greiði sjálfur
 varðhaldskostnað sinn í hjerði en allan annan af
 málinu leiddan og löglega leiðandi kostnað, þar með
 talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda í
 hæstarjetti, kr. 80 til hvors, greiði ákærðu in solidum.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Sigurður Berndsen greiði 1500 króna sekt í rikissjóð og sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 80 daga.

Ákærði Guðmundur Þorkelsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga.

Ákærði Guðmundur Þorkelsson greiði varðhaldskostnað sinn í hjeraði, en annan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og hæstarjetti, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, hæstarjettarmálaflutningsmannanna Lárusar Fjeldsted og Pjeturs Magnússonar 80 kr. til hvors, greiði ákærðu in solidum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af rjettvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu gegn Sigurði Berndsen, kaupmanni, Bergstaðastræti 10 hjer í bæ, fyrir brot gegn ákvæðum 14. kapitula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi og af rjettvísinnar hálfu gegn Guðmundi Þorkelssyni umboðssala, til heimilis á Lokastíg 22 hjer í bæ, fyrir brot gegn ákvæðum 14. kap. hegningarlaganna.

Tildrög málsins eru þau er nú skal greina:

I. Þann 8. mars s. l. kl. um 9 að kvöldi fóru þeir Bárður Lárusson, verkamaður, til heimilis á Njálsgötu 37, 21 árs að aldri og Sigurgeir Tómasson sjómaður, til heimilis á Bergþórugötu 41, 21 árs að aldri heim til Sigurðar Berndsen kaupmanns í Bergstaðastræti 10 í þeim tilgangi að kaupa af honum áfengi.

Þeir hittu Sigurð heima. Fór Sigurgeir fyrst inn til Sigurðar því að hann þekti Sigurð og hafði keypt áfengi af honum áður, en Bárður beiddi á ganginum í húsi Sigurðar á meðan. Að vörmu spori kom Sigurgeir fram í ganginn til Bárðar og bað

hann að koma inn og lána sjer 5 kr. fyrir $\frac{1}{2}$ flösku af spiritusblöndu. Gerði Bárður það og fór með honum inn til Sigurðar. Voru þeir Bárður og Sigurgeir svo báðir áhorfandi, er Sigurður afhenti þeim flöskuna og tók við 5 kr. fyrir hana, sem Sigurgeir afhenti honum.

Fóru þeir svo út, en skamt frá húsi Sigurðar tók lögreglan þá og færði þá á stöðina og var þá tekin af þeim skýrsla um það sem gjörst hafði. Þennan framburð sinn hafa þeir báðir, Bárður og Sigurgeir, staðfest með eidi eftir löglegan undirbúning.

Kærður Sigurður Berndsen hefir neitað því að hafa selt framannefndum mönnum áfengi í umrætt skifti eða endranær, en gegn eidfestum framburði þeirra verður sú neitun ekki tekin til greina.

II. Að kvöldi þess 12. mars s. l. kom maður heim til vitnisins Bárðar, sem það ekki þekti. Kvaðst hann vera heildsali hjer í bænum. Byrjaði hann samtalið við Bárð á því að spyrja hann um það, hvort hann hefði atvinnu og er Bárður neitaði því, kvaðst maðurinn mundi geta útvegað honum pláss á botnvörpungnum „Ásu“ því að skipstjórinn væri náskyldur sjer.

Bárður tók þessu með þökkum, en þá sagði maðurinn, að hann yrði að gera sjer þann greiða á móti að gefa sjer skriflega yfirlýsingu um það, að skýrsla sú, er hann hafði gefið fyrir lögreglunni þann 8. mars um áfengiskaup hjá Sigurði Berndsen, væri röng.

Taldi hann svo mjög um fyrir Bárði að gera þetta, sagði Sigurð aumingja, sem ekki gæti bjargað sjer með öðru móti en því að selja vín og auk þess væri hann hættulegur mótstöðumaður og því væri vissara fyrir Bárð að breyta framburði sínum.

Ennfremur gaf maður þessi Bárði í skyn að hann mundi fá vaxföt hjá sjer, ef hann vildi gera þetta.

Bárður ljét tilleiðast af þessum fortölum og gaf manningnum, sem var ákærður, Guðmundur, skriflega yfirlýsingu um það, að framburður hans fyrir lögreglunni um það, að hafa keypt vín af Sigurði, væri rangur, hann hefði keypt það hjá öðrum manni.

Framburður Bárðar fyrir rjettinum um það hvort Guðmundur hafi sagt það skýlaust að hann vissi, að þeir hefðu keypt vínið af Sigurði, hefir ekki verið að öllu leyti samræmur, en þó nefir hann ávalt haldið því fast fram, að Guðmundur hafi gefið í skyn að hann vissi, að svo hefði verið.

Þegar þeir Bárður og Guðmundur skildu, bað Guðmundur

hann að ná í Sigurgeir fjelaga sinn, því að hann ætlaði að fá samskonar yfirlýsingu hjá honum. Lofaði Bárður því.

Áður en þeir skildu bað Bárður Guðmund að láta sig hafa 5 kr. Gerði hann það, en tók fram, að það yrði að skodast sem lán.

Skömmu síðar hittust þeir Guðmundur og Sigurgeir og bað Guðmundur hann um að gefa samskonar yfirlýsingu og Bárður hafði gefið, var Sigurgeir til með það, en vildi fá 5 kr. fyrir það, en því neitaði Guðmundur. Varð ekki af kaupnum með þeim. Sigurgeir hefir ávalt haldið sig við það í framburði sínum, að Guðmundur hafi ekki gefið í skyn að hann vissi um, að þeir hefðu keypt vín af Sigurði, heldur hefði hann fremur látið á sjer heyra, að hann hjeldi að framburður þeirra Bárðar um það fyrir lögreglunni, væri ekki rjettur.

Yfirlýsingu þá, sem Bárður gaf Guðmundi, fór hann með til Sigurðar Berndsen og lagði hann hana fram á lögreglustöðinni, var Bárður þá aftur kallaður fyrir og gekk hann þá strax frá yfirlýsinguunni og fyrir rjettinum hjelt hann sjer að öllu leyti við þann framburð, sem hann hafði gefið fyrir lögreglunni um áfengis-kaupin hjá Sigurði Berndsen.

Ákærður Sigurður Berndsen hefir, eins og getið er um hjer að framan, harðlega neitað því að hafa beðið ákærðan Guðmund um að það að fá skriflega yfirlýsingu hjá þeim, sem afturkallaði þennan framburð þeirra, hinsvegar hefir hann kannast við það, að hafa beðið Guðmund að grenslast eftir því hjá þeim Bárði og Sigurgeiri, hvers vegna þeir væru að bera þessi ósannindi á sig, og hafi Guðmundur lofað að gera það.

Framburður ákærðs Guðmundar um þetta atriði, er að öllu samhjóða við framburð ákærðs Sigurðar. Hefir hann ávalt neitað því mjög eindregið að hafa haft nokkra hugmynd um að Sigurður hafi selt þeim vínið og ávalt haldið sjer við að Sigurður hafi sagt sjer, að þetta væri uppspuni úr þeim.

Af þessum sökum og meðfram vegna kunnugleika við Sigurð segist hann hafa farið að grenslast fyrir um þetta hjá þeim Bárði og Sigurgeiri. Segist hann hafa látið það ótvírætt í ljósi við þá báða, að framburður þeirra um vinkaupin hjá Sigurði væri rangur og hafi þeir ekkert mótmælt því og því hafi hann viljað, til þess að losa Sigurð við þennan áburð, fá þá til að gefa skriflega yfirlýsingu, sem afturkallaði hann.

Þá hefir ákærður neitað því í framburði Bárðar, að hann

hafi boðist til að útvega honum togarapláss, heldur hafi hann aðeins bent Bárði á að hann skyldi reyna til að fá pláss á „Ásu“. Einnig hefir hann neitað því að hafa gefið honum í skyn, að hann skyldi fá ókeypis vaxföt hjá sjer og sömuleiðis að hafa lán- að honum 5 krónur.

Ákærður Guðmundur hefir ennfremur neitað því að hafa sagt Bárði, að Sigurður væri hættulegur mótstöðumaður og með því reynt að hafa áhrif á Bárð til þess að gefa yfirlýsinguna.

Enda þótt framburður Guðmundar sje ærið tortryggilegur og margar líkur bendi til þess að hann hafi vitað um að Sigurður seldi þeim vinið þar sem Sigurður oft áður hefir orðið uppvís að áfengissölu og einnig fyrir nokkru síðan dæmdur fyrir það að gera tilraun til þess að fá vitni til þess að bera falsvitni fyrir rjettinum, þá þykir þó ekki að áliti rjettarins nægilega miklar sannanir vera til sakfellingar ákærðum og ber því að sýkna hann, sem sat í gæsluvarðhaldi frá 15.—31. mars þ. á., af ákæru rjettvísinnar í þessu máli.

Af sömu ástæðu ber og að sýkna Sigurð Berndsen, af ákæru rjettvísinnar í þessu máli.

Ákærður Sigurður Berndsen hefir undirgengist 400 króna sektagreiðslu í rikissjóð í lögreglurjetti Reykjavíkur fyrir að geta ekki gert grein fyrir áfengi sem fanst við húsleit í vörslum hans og auk þess hefir hann tvisvar verið sektaður í Húnavatnáýslu fyrir brot gegn aðflutningsbannslögunum, í fyrra skiftið um 25 kr. og hið síðara 200 kr. Og enn hefir hann með aukarjettardómi Reykjavíkur uppkveðnum 30. nóvember 1923 verið dæmdur í 1000 króna sekt og 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviður- væri fyrir brot gegn aðflutningsbannslögunum og 146. og 227. gr. sbr. við 53. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Brot kærðs Sigurðar Berndsen, ber að heimfæra undir 15. gr. laga nr. 91 frá 14. nóvember 1917 og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið, hæfilega metin 1500 króna sekt í rikissjóð og einfalt fangelsi í 45 daga.

Svo greiði og kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn ónaðsýnlegur dráttur orðið.

